

Fenúr ráðstefna 4. apríl 2003

Sigurbjörg Sæmundsdóttir
Umhverfisráðuneyti

Lög um meðhöndlun úrgangs

- Á nýliðnu þingi voru samþykkt lög um meðhöndlun úrgangs.
- Fyrstu heildarlög um þennan málaflokk.

Lögin taka m.a. hliðsjón af:

- Tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs.
- Grunntilskipun um úrgang 75/442/EBE, sbr. tilskipun 91/156/EBE.
- Sorpbrennslutilskipun 2000/76/EB.

- **Frumvarp þessa efnis fyrst lagt fram vorið 2002 á 127. löggjafarþingi.**
- **Lagt aftur fyrir sl. haust á 128. löggjafarþingi.**
- **Ísland orðið á eftir áætlun með að innleiða tilskipun um urðun úrgangs.**

- **Umhverfisnefnd Alþingis
aflaði fjölmargra umsagna um
málið og mælti með
samþykkt þess með nokkrum
minni háttar breytingum.**

- **Frumvarpið var samið með það að markmiði m.a. að innleiða tilskipum Evrópusambandsins um urðun úrgangs.**
- **Minnka í áföngum magn þess lífræna heimilis- og rekstrarúrgangs sem fer til urðunar.**

- **Í tilskipuninni eru einnig ákvæði um bönn og takmarkanir á urðun einstakra tegunda úrgangs eða úrgangsflokka s.s. fljótandi, sérstökum úrgangi frá heilbrigðisstofnunum, sóttmenguðum úrgangi, dekkjum o.s.frv.**

Helstu nýmæli.

- **Strangari ákvæði en gilt hafa um starfsleyfi fyrir urðunarstaði s.s. skilyrði um sérstaka starfsleyfistryggingu, lokunaraðgerðir og vöktun urðunarstaðar eftir að honum er lokað.**

- **Lögfest að gera skuli lands- og svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs sem hafa skulu það að markmiði að draga markvisst úr úrgangi, auka endurnotkun og endurnýtingu.**

- **Sveitarfélögum gert skylt að innheimta gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs sem nægja a.m.k. fyrir förgun hans en heimilt er að innheimta gjöld fyrir alla meðhöndlun úrgangs.**

Lífrænn úrgangur

- margar spurningar -

- Hvaða leiðir eru framkvæmanlegar til að ná markmiðum varðandi lífrænan heimilis- og rekstrarúrgang?
- Hverjar þeirra skila mestum árangri lagatæknilega og vistfræðilega?
- Hvaða leiðir eru hagkvæmastar?

Lagatæknilegar leiðir sem skila myndu árangri í þessum efnum.

- **Styrkja stjórnarsýslu þessa málaflokks þannig að þeir aðilar sem sem annast framkvæmd úrgangsmála hafi viðeigandi úrræði til að hrinda áætlunum í úrgangsmálum í framkvæmd.**
- **Ekki talin þörf á að festa töluleg markmið tilskipunarinnar í lögum.**

Úrgangssáætlanir.

- Kveðið er á um úrgangssáætlanir í lögnum annars vegar fyrir landið allt og hins vegar fyrir einstök svæði.
- Gert er ráð fyrir nánnum tengslum milli landsáætlunar og svæðisbundinna áætlana.

Skyldur sveitarstjórnna.

- Ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu.
- Bera ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang.

- **Sveitarfélög hafi talsvert svigrúm til þess að ákveða hvaða leiðir verða notaðar í viðkomandi sveitarfélagi til að ná settum markmiðum.**

Samþykktir sveitarfélaga.

- Ítarlegri ákvæði en áður varðandi samþykktir sveitarfélaga um úrgangsmál.
- Heimilt í slíkri samþykkt að kveða á um skyldu til að flokka úrgang.

- **Samþykktir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs munu gegna mikilvægara hlutverki en áður.**
- **Gjaldtaka fyrir úrgang verður mikilvægt stjórnæki til að ná settum markmiðum um að draga úr úrgangi og ná þeirri forgangsröðun sem lögin byggja á.**

Tæki til að ná settum markmiðum.

- Ef þörf krefur er unnt að setja skilyrði í starfsleyfi urðunarstaða um magn þess lífræna heimilis- og rekstrarúrgangs sem heimilt er að taka við til urðunar.

- Til að ná markmiðum tilskipunarinnar varðandi aðrar tegundir úrgangs eru ákvæði sem heimila með skýrum hætti að settar verði reglur um blöndun, móttöku og förgun einstakra tegunda úrgangs eða úrgangsflokka.

Reglugerðir.

Unnið að undirbúningi viðeigandi reglugerða.

- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð um urðun úrgangs
- Reglugerð um sorpbrennslu.

Aðrar reglugerðir halda gildi sínu.

- Reglugerð um spilliefni.
- Reglugerð um olíuúrgang.
- Reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Strangari ákvæði um skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstaði.

- Skilyrði um sérstaka starfsleyfistryggingu.
- Vöktun urðunarstaðar eftir að honum hefur verið lokað.

Trygging

- Tilgangur tryggingarinnar er að tryggja að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja þar á meðal lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar urðunarstaðarins.

- **Gert ráð fyrir því rekstraraðili safni í tryggingarsjóð eða að trygging geti falist í sérstakri ábyrgðaryfirlýsingu þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri urðunarstaðar.**

- Tryggingin skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað og skal fjárhæð hennar tiltekin í starfsleyfi.
- Trygging fyrst og fremst þýðingu að því er varðar vöktun urðunarstaðar í kjölfar lokunar hans.

- **Á rekstartíma urðunarstaðarins eru fyrir hendi þvingunarúrræði sem eiga að tryggja að ákvæði starfsleyfisins séu virt á meðan urðunarstaðurinn er í rekstri en heimilt er að svipta aðila starfsleyfi ef um alvarleg brot á skilyrðum starfsleyfis er að ræða.**

Lokun urðunarstaðar.

- **Urðunarstaður telst ekki endanlega lokaður fyrr en eftirlitsaðili hefur skoðað vettvang og metið upplýsingar rekstraraðila varðandi lokun og Umhverfisstofnun hefur veitt samþykki fyrir lokun.**

- **Kveðið á um að urðunarstaður skuli vaktaður að jafnaði í 30 ár eftir að honum er lokað.**
- **Endurskoðaða skal fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti frá lokun urðunarstaðar.**

Sorpbrennsla.

Sérákvæði um brennslustöðvar þar sem fjallað er um:

- umsókn um starfsleyfi
- skilyrði starfsleyfis
- losunarmörk.

Sett verður sérstök reglugerð um sorpbrennslu.

- **Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem er starfsleyfisskyld samkvæmt lögnum og hefur eftirlit með þeim starfsleyfishöfum.**

- Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarráðs í umboði stofnunarinnar.
- Nýtt fyrirkomulag eftirlits.
- Sérstakt samkomulag milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar hverju sinni um eftirlit samkvæmt þessu ákvæði.

Ákvæði til bráðabirgða.

- Starfandi urðunarstaðir skulu uppfylla kröfur laganna fyrir 16. júlí 2009.
- Senda skal Umhverfisstofnun áætlun um hvernig unnt sé að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum laganna.
- Áætlunin skal berast stofnuninni fyrir 31. desember 2003.

Samstarfsnefnd.

- Skipa skal sérstaka samstarfsnefnd umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna.
- Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hér á landi og á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Nefndin skal sérstaklega fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta kostnað sem af hlýst.
- Nefndin skal starfa til ársins 2010.